

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 162/2014

162-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/90/ESB frá 14. febrúar 2014 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 2004/558/EB að því er varðar að samþykkja varnaráætlun til að útrýma smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum í héraði á Ítalíu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/91/ESB frá 14. febrúar 2014 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á að tiltekin svæði á Ítalíu og Spáni séu opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*) og um breytingu á I., II. og III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Ungverjaland sé opinberlega laust við berkla, að Rúmenía og tiltekin héruð á Ítalíu séu opinberlega laus við öldusótt og að tiltekin héruð á Ítalíu séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/177/ESB frá 27. mars 2014 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Litháen sé opinberlega laust við öldusótt ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði hlutar 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE):
„– **32014 D 0091**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/91/ESB frá 14. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 46, 18.2.2014, bls. 12).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB):
„– **32014 D 0091**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/91/ESB frá 14. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 46, 18.2.2014, bls. 12),
– **32014 D 0177**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/177/ESB frá 27. mars 2014 (Stjtið. ESB L 95, 29.3.2014, bls. 45).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 46, 18.2.2014, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 46, 18.2.2014, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 95, 29.3.2014, bls. 45.

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB):
- „– **32014 D 0090**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/90/ESB frá 14. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 46, 18.2.2014, bls. 10).“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2014/90/ESB, (ESB) 2014/91/ESB og (ESB) 2014/177/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.